



Ræða  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við  
vígslu nýbyggingar Háskólans á Akureyri  
28. ágúst 2010

Virðulegu ráðherrar og alþingismenn  
Rektor, starfsfólk  
og stúdentar Háskólans á Akureyri  
Bæjarstjóri, sveitarstjórnarmenn  
Góðir gestir

Saga Vesturlanda og reyndar veraldarinnar tók stakkaskiptum þegar iðnbyltingin ruddi á fyrri öldum nýjar brautir, þegar verksmiðjur urðu þungamiðja atvinnulífsins, fjöldaframleiðsla og hagkvæmni stærðarinnar réðu úrslitum í samkeppni.

Þessi straumhvörf skópu þjóðarauð sem varð fyrri kynslóðum keppikefli, en á síðustu áratugum höfum við orðið vitni að öðrum þáttaskilum. Þekkingin er nú í auknum mæli grundvöllur framfaranna. Þau lönd sem efla skóla og rannsóknir ná forskoti og úrslit ráðast af því í hve ríkum mæli fræði og rannsóknir fá forgang.

Akureyri hefur á margan hátt birt í hnotskurn þessar breytingar; verksmiðjubærinn varð vísindastöð; kennslustofur leystu af hólmi iðjuverin; vöxtur Eyjafjarðar sótti þrótt í samfélag stúdenta og fræðimanna.

Stefnuhvörfin endurspeglar þá sýn sem kínverskur áhrifamaður setti fram í samræðum okkar fyrir fáeinum árum, þingmaður sem líka var rektor í nýjum, kínverskum háskóla og var á leið hingað til Akureyrar; óskaði eftir samstarfi á mörgum sviðum.

Boðskapur hans var að þá fyrst myndi veröldin kynnast krafti Kína þegar kynslóðir stúdenta og fræðimanna úr bæði nýjum og gamalgrónum háskólum létu í vaxandi mæli til sín taka. Í samanburði væru umbrotin í

efnahagslífi landsins á undanförunum áratugum aðeins forleikur að meiri tíðindum. Háskólarnir yrðu án efa öflugustu orkuver komandi tíma.

Akureyri og Norðurland eru vissulega ekki í sama sessi og Kína þótt stoltir heimamenn taki að vísu oft djúpt í árinna, en tímamótin sem við fögnum hér í dag eru á margan hátt sömu ættar. Með þessari glæsilegu byggingu mun hinn ungi háskóli eflast til muna og enn frekar rækja hlutverk sitt í þágu lands og þjóðar, gera Akureyri og byggðarlögum á Norðurlandi kleift að sækja fram á nýjar lendur, leggja sitt af mörkum til að auka hagsæld og velferð Íslendinga.

Það hefur verið uppörvandi að fylgjast með því hvernig Háskólanum á Akureyri hefur tekist, þrátt fyrir ungan aldur og úrtöluraddir sem í upphafi hljómuðu víða, að skapa sér heilladrjúga sérstöðu, bæði í háskólasamfélagi þjóðarinnar og einnig á veraldarvísu.

Háskólinn hefur opnað þúsundum manna í fjarlægum byggðum, ekki bara hér á Norðurlandi, heldur líka á Vestfjörðum, Austurlandi og jafnvel sunnan heiða, á Reykjanesi, tækifæri til að öðlast með fjarnámi háskólapróf í ýmsum greinum. Atorka Háskólans við nýtingu nýrrar tækni olli þáttaskilum, ruddi mörgum brautir sem áður voru lokaðar. Glæsilegur vitnisburður um þennan árangur birtist okkur jafnan á hverri útskriftarhátíð þegar fjöldi landsbyggðarfólks tekur við skírteinum sínum og hamingjuóskum úr hendi rektors.

Það var líka djörf og framsækin hugsun að Háskólinn á Akureyri gæti orðið miðstöð rannsókna og fræða sem helguð væru Norðurslóðum, svæðinu sem stundum er kennt við heimskautið og teygir sig frá Alaska, Kanada og Grænlandi yfir Ísland og önnur Norðurlönd alla leið til Rússlands.

Sú stefna var mótuð hér innan Háskólans þegar umræða um Norðurslóðir átti á brattann að sækja, þegar áherslur veraldarinnar voru annars staðar. Nú sækjast Evrópuríki og jafnvel Kína og Indland hins vegar eftir samstarfi við Ísland að nokkru leyti vegna hins aukna mikilvægis Norðurslóða og vegna þeirrar þekkingar og rannsókna sem Háskólinn á Akureyri hefur átt ríkan þátt í að skapa.

Hér var komið á fót miðstöð Rannsóknarþings Norðursins sem tengt hefur saman vísindasamfélagið í öllum átta ríkjum Norðurskautsráðsins. Nám og rannsóknir í heimskautarétti við skólann hafa gildi á veraldarvísu og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar nýtur alþjóðlegrar virðingar.

Háskólinn á Akureyri er nú meðal fremstu háskóla á sviði heimskautaréttar og hin alþjóðlegu málþing sem skólinn hefur efnt til eru

órækur vitnisburður um þann árangur. Mikilvægar eru einnig rannsóknir sem hér hafa verið stundaðar varðandi loftslagsbreytingar og mannlíf á Norðurslóðum sem og hvernig nýjar siglingaleiðir gætu gjörbreytt viðskiptum á heimsvísu.

Allt er þetta til marks um alþjóðlega sérstöðu Háskólans á Akureyri en líka um ávinninga sem nýtast munu Íslandi vel nú þegar Norðurslóðir eru komnar í brennidepil umræðu og stefnumótunar á vettvangi ríkja heims.

Hin nýja bygging Háskólans mun efla til muna þann heimsmannsbrag sem hann hefur öðlast en líka styrkja verulega þjónustu skólans við landsbyggðina og þjóðlíf allt.

Reyndar markar þessi dagur enn frekari tímamót í sögu Akureyrar, vísar á hafsþjó nýrra tækifæra.

Nýbygging Háskólans og Menningarhúsið Hof sem við munum fagna síðar í dag gjörbreyta allri aðstöðu Akureyringa og reyndar líka annarra Norðlendinga, einkum byggða frá Siglufirði til Þórshafnar. Með nýjum og veglegum húsakynnum verður hægt að blása til sóknar í þeim tilgangi að þróa hér alþjóðlegan vettvang fyrir samræður og samstarf: ráðstefnur, málþing, hátíðir, sýningar og aðra viðburði sem geta á öllum tímum ársins laðað hingað gesti úr mörgum áttum, frá Evrópu og öðrum álfum.

Hin glæsilegu salarkynni Hofa, staðsetningin við hafið, hið opna miðrymi og útsýnið til fjallanna, geta ásamt fyrirlestrarsölum í aðalbyggingu Háskólans sem við vígjum nú orðið kjarninn í nýrri alþjóðlegri ráðstefnu- og sýningarmiðstöð, sem kynna þarf umheiminum sem nýtt tækifæri; flugvöllurinn svo bein tenging til annarra landa.

Byggðarlögin öll frá Fljótum að Langanesi – Siglufjörður, Ólafsfjörður, Dalvík, Eyjafjarðarsveit, Akureyri, Húsavík, Þingeyjarsýslur og aðrar byggðir – ættu nú að mynda formlegan samstarfsvettvang í þessu skyni og á þessum tvöfalda hátíðardegi hvet ég eindregið til samráðs um þau efni.

Ísland getur nú boðið annað alþjóðlegt ráðstefnusetur, auk Reykjavíkur; kostirnir hér nyrðra að byggðarlögin allt um kring hafa hvert um sig sérstöðu og hin einstæða náttúrufegurð er mikið sjónarspil. Héðinsfjarðargöngin sem vígð verða innan tíðar munu í þessum efnum einnig koma að góðum notum.

Síldarminjasafnið á Siglufirði, kvöldverður í Bátahúsi, síðdegisfagnaður í Hvalasafninu á Húsavík eða í nálægð hins ægifagra Mývatns sýna hvernig ráðstefnur, málþing, hátíðir, sýningar í Hofi eða

nýjum húsakynnum Háskólans geta notið góðs af ennþá nærtækari og sérstæðari fjölbreytileika en um getur í nágrenni höfuðborgarinnar þótt þar sé vissulega margt markvert að sjá. Hér er nálægðin meiri við margþætt mannlíf og fjarlægðin minni til náttúruperlna af ólíku tagi.

Það er því í senn skemmtileg tilviljun og ávitull nýrra tækifæra að þessar tvær höfuðbyggingar skuli vígðar á sama degi. Í því felst hvatning um öfluga sókn; Akureyringum, Norðlendingum og þjóðinni allri til heilla.

Ég óska heimamönnum og einnig öllum Íslendingum til hamingju með þessa áfanga, gæfusporin sem hér eru stigin.